

Aðalfundur foreldrafélags Setbergsskóla

Fundarstaður: Haldinn á netinu gegnum Microsoft Teams.

Fundur settur kl. 18:00.

Fjöldi fundarmanna þegar fundur hófst: 16 þátttakendur.

Dagskrá fundar:

1. Setning fundar og skipun fundarstjóra og fundarritara.

Vala Steinsdóttir, formaður félagsins, setti fundinn sem að þessu sinni er haldinn í netheimum. Farið yfir tilgang og markmið félagsins.

Fundarstjóri skipaður Andri Ómarsson og fundarritari Haukur Agnarsson.

2. Skýrsla stjórnar.

Vala Steinsdóttir, flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2019-2020. Stjórn félagsins á líðandi skólaári var skipuð eftirfarandi aðilum: Völu Steinsdóttur, Benedikt Guðmundssyni, Láru Hafberg, Höllu Thoroddsen, Hauki Agnarsyni og Tinnu Hrund Gunnarsdóttur ásamt 2 starfsmönnum skólans, þeim Ástu Margréti Guðmundsdóttur fyrir hönd kennara og Ástu Eyjólfsdóttur fyrir hönd annars starfsfólks skólans en einnig stjórnendum skólans Maríu og Margréti Ólöfu.

Starf félagsins var hefðbundið framan af vetri. Helstu verkefni skólaársins voru eftirfarandi:

- Seta í foreldraráði Hafnarfjarðar en foreldrafélag Setbergsskóla á tvo fulltrúa í ráðinu.
- Fyrirlestrar fyrir foreldra og forráðamenn:
 - o Á síðasta aðalfundi í október 2019 var haldið erindið "Samskipti, vinátta, sjálfsmynd", sem Anna Lilja Björnsdóttir frá Kvan flutti.
 - o Fyrirlestur um kvíða barna og unglunga, sem Steinunn Anna Sigurjónsdóttir frá Litlu kvíðamerðarstöðinni hélt. Fyrirlesturinn var haldinn í samvinnu við foreldrafélag Lækjaskóla og var metþátta. Því tækifæri til að horfa til frekara samstarfs í framtíðinni.
- Jólaföndur var haldið í desember 2019 og fékk góðar viðtökur líkt og áður. Boðið var upp á nýjungar í föndri sem mældust mjög vel fyrir.
- Starf félagsins eftir áramót litaðist af Covid ástandinu í samfélaginu, var starfsemi af skornum skammti og þurfti að fella niður flesta viðburði. Sem áður var þó haldin vorhátíð fyrir nemendur en í þetta sinn var hún á skólatíma og án foreldra.
- Við útskrift 10. bekkinga sl. vor gaf foreldrafélagið skólanum peningastyrk að fjárhæð 350.000 kr. sem var eyrnamerkt verkefni er nefnist Vinaliðaverkefnið. Skólinn hefur skuldbundið sig í það verkefni til næstu þriggja ára og er markmiðið er að stuðla að jákvæðum samskiptum og vellíðan nemenda í skóla.

- Þá veitti félagið útskriftarnema, sem sýnt hafði miklar framfarir í námi að mati kennara, gjafabréf frá Dale Carnegie að verðmæti 109.000 kr. sem félagið fékk að styrk.

Vala nefndi að í vetur þarf að skoða hvernig bekkjafulltrúar í hverjum árgangi geta sinnt sínum störfum í því ástandi sem nú er ríkjandi.

3. Ársreikningur foreldrafélagsins.

Benedikt Guðmundsson, gjaldkeri félagsins, fór yfir ársreikning foreldrafélags Setbergsskóla. Efnahagsreikningurinn gildir fyrir tímabilið 1.10.2019 til 30.9.2020 sem jafnframt er starfsár félagsins.

Rekstrartekjur námu 849.222 kr. Þar af félagsgjöld 658.500 kr. en annað tekjur af sölu á jólaföndri. Stofnaðar voru kröfur á foreldra að fjárhæð 747.500 kr. og voru innheimtur því 88%.

Rekstrargjöld námu 942.398 kr. og var rekstrartap ársins því -92.650 kr. Helstu kostnaðarliðir voru; styrkur við vinaliðaverkefni (350.000 kr.), jólaföndur (208.993 kr.) og sumarhátíð (177.072 kr.). Þá var kostnaður við fyrirlestra og fræðsluefni 165.290 kr.

Eigið fé í lok starfsársins er 174.181 kr. Þrátt fyrir tap á rekstri en óráðstafað eigið fé í upphafi starfsárs var 266.831 kr.

4. Skýrsla skólaráðs.

Halla Thoroddsen fór yfir skýrslu fulltrúa foreldra í skólaráði Setbergsskóla. Fulltrúar foreldra í Setbergsskóla voru á þessu skólaári þau Jökull Pétursson og Katrín Ásta Hafsteinsdóttir. Varamaður foreldra var Lilja Helgadóttir. Fulltrúi grenndarsamfélags var Vala Steinsdóttir formaður foreldrafélagsins.

Helstu verkefni skólaráðs sl. skólavetur voru eftirfarandi:

- Ákveðið að skólaráð myndi einnig starfa sem matsteymi skólans.
- Farið yfir viðhaldspörf skólahúsnæðis.
- Rýnt í niðurstöður samræmdra prófa.
- Framkæmt mat á skólastarfinu og set fram úrbótaáætlun.
- Ákveðið að vinna aðgerðaráætlun út frá niðurstöðum Olweusarkönnunar.
- Þá var leiðarljósum skólans breytt í Virðing – Víðsýni – Velliðan en þau voru áður Virðing – Víðsýni – Vinsemd.
- Yfirferð yfir niðurstöðu nemenda- og starfsmannakannanna.

5. Skýrslur bornar upp til samþykktar.

Skýrslur voru bornar upp til samþykktar gegnum forritið Slido. Skýrsla stjórnar, ársreikningur og skýrsla skólaráðs voru samþykkt samhljóma.

6. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinum.

7. Kosning í stjórn og ráð foreldrafélagsins.

A. Stjórn foreldrafélagsins

Í framboði til stjórnar félagsins voru 6 aðilar. Eftirfarandi núverandi stjórnarmenn gefa áfram kost á sér:

- Vala Steinsdóttir
- Benedikt Guðmundsson
- Lára Hafberg
- Tinna Hrund Gunnarsdóttir
- Halla Thoroddsen

Ný í framboði til stjórnar og einnig til setu í foreldraráð Hafnarfjarðar:

- Kristín Ragnarsdóttir

Haukur Agnarsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu.

Sjálfkjörið var í stjórn foreldrafélags Setbergsskóla.

B. Fulltrúar foreldra í skólaráð Hafnarfjarðar

Kristján Hrafn Guðmundsson býður sig fram í skólaráð. Katrín Ásta Hafsteinsdóttir mun sitja áfram til eins árs. Jökull M. Pétursson, sem áður var aðalmaður í skólaráði, tekur sæti varamanns.

Sjálfkjörið var í kjöri um fulltrúa í skólaráð Hafnarfjarðar.

8. Önnur mál.

Engin önnur mál hafa borist.

Almenn umræða í kjölfar hefðbundinnar dagskrár.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:45.